

Öryggisleiðbeiningar

1. Verslunarheiti efnis - innflytjandi/framleiðandi

HEMPADUR EPOXÝ SINK

Slippfélagið Málningarverksmiðja

Dugguvogi 4

Vörunúmer:

104 Reykjavík

1536 42200

Sími: 5 888 000

Bréfsími: 568 92 55

Eitrunarupplýsingamiðstöð Sjúkrahúss Reykjavíkur veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 525 11 11

2. Samsetning - upplýsingar um innihald

Efni:	EINECS-nr.	CAS-nr.	magn (p %)	Varnaðar- merki	H.-setn. nr.	Mengunarmörk í lofti á vinnustað meðaltal mg/m ³
bisphenól A-(epiklórhydrín)						
epoxýkvoða mólm. ≤ 700	-	-	1-2	Xi	36, 38, 43	-
sínkduft	-	-	50-75	-	-	-
alkylbensen C ₉ -C ₁₀	-	-	5-10	Xn	20, 36/37/38	-
bútanól	200-751-6	71-36-3	2-5	F, Xn	11, 20	150
					10, 20/21,	
xylene	-	1330-20-7	5-10	Xn	38	200

Sjá texta hættu- og varnaðarsetninga í nr. 15.

3. Varúðarupplýsingar

Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð. Hættulegt við innöndun og í snertingu við húð. Ertir augu, öndunarfæri og húð.

4. Skyndihjálp

Almennt:

Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita til læknis. Sýnið þessar leiðbeiningar.

Snerting við húð:

Fjarlægjið menguð föt. Þvoið með sápu og miklu af vatni. Notið ekki þynna eða leysa. Leitið til læknis ef sársauki hverfur ekki við þvott.

Slettur í augu:

Skolið augun með miklu vatni í a.m.k. 15 mín., hafið augun opin á meðan. Leitið til læknis.

Innöndun:

Færið sjúkling undir bert loft, haldið á honum hita. Látið hann hvílast. Leitið til læknis ef hann ber sig illa.

Inntaka:

Reynið ekki að framkalla uppköst. Hafið strax samband við lækni. Athugið! Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

5. Bruni - aðferðir við slökkvistarf

Viðeigandi slökkviefni: froða, duft eða kolsýra.
Notið ekki vatn við slökkvistarf. Notið ferskloftsgrímur við slökkvistarf. Kælið birgðir af efninu með vatni. Við bruna losna eitraðar gufur frá efninu (einkum kolmónoxíð). Gætið að því að gufur frá efninu eru þyngri en andrúmsloft og því getur hætta skapast fjarri birgðunum. Efnið myndar sprengifima blöndu með andrúmslofti. Gufur í tómun umbúðum geta verið sprengifimar.

6. Efnaleki

Haldið fólki fjarri. Notið viðeigandi persónuhlífar. Notið ísogsefni s.s. sand eða kísilgúr til að þrifa efnið upp. Efnið má ekki komast í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Leitið til slökkviliðsins ef leki er mikill. Gerið varúðarráðstafanir vegna eldhættu.

7. Meðhöndlun og geymsla

Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun hættulegra efna. Tryggið góða loftræstingu. Notið viðeigandi persónuhlífar. Reykingar bannaðar. Geymið í vel luktum umbúðum á köldum stað. Geymið fjarri eldfimum efnum og hitagjöfum. Gerið varúðarráðstafanir vegna stöðurafragns. Neysla matar, drykkja og tóbaks er bönnuð meðan unnið er með efnið. Má ekki geyma hjá matvælum eða öðrum neysluvörum eða fóðri. Haldið óviðkomandi fólki fjarri. Geymið umbúðir lokaðar við vinnslu.

8. Eftirlit með mengun - persónuhlífar

Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Þörf getur verið á staðbundinni loftræstingu ef mengun er mikil.
Til hlífðar öndunarfærum: efnaþolnar öndunargrímur (með t.d. kolasíu). Ferskloftsgrímur ef efninu er úðað.
Til hlífðar höndum: efnaþolnir hanskar og græðandi krem.
Til hlífðar augum: gleraugu eða andlitshlíf. Hafið augnskol á vísun stað.
Notið viðeigandi vinnugalla og haldið honum aðskildum frá öðrum fatnaði.
Þvoið ykkur um hendur áður en hlé verður á vinnu (hvíldar- og matartímar).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Mælt skv.

Útlit:	seigur vökvi
Litur:	grágrænn
Lykt:	-
Bræðslumark:	-
Lægsta suðumark:	-
Eðlisþyngd:	2,7 g/cm ³
Rúmþyngd:	-
Gufuþrýstingur:	-
Leysni í vatni:	blandast ekki
Leysist í:	-
Blossamark:	25 °C
Íkveikjumark:	-
Hitastig aðskilnaðar:	-
Sprengimörk:	0,5-11,3 % (rúmmál)

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Efnið er stöðugt við tilætlaða notkun. Við háan hita geta koloxíð losnað úr efninu. Hindrið snertingu við oxara, sýrur og basa vegna sprengihættu.

11. Eiturfræðilegar upplýsingar

Efnið hefur ekki verið prófað en neðangreindar upplýsingar eru byggðar á þekkingu á leysunum.

Innöndun: Getur valdið höfuðverk, vanlíðan, þreytu og svima, jafnvel meðvitundarleysi, minnistrufnunum og andþrengslum ef magn er mikið. Langvarandi og síendurtekin innöndun getur leitt til varanlegra skemmda á miðtaugakerfi.

Snerting við húð: Affitar húðina og veldur því að hún verður rauð og springur. Langvarandi og síendurtekin snerting við efnið getur valdið exemi.

Snerting við augu: Veldur sárum sviða.

Inntaka: Getur valdið vanlíðan, uppköstum, niðurgangi og andþrengslum. Ef leysirinn kemst niður í lungun við inntöku eða uppköst, getur það valdið lungnabólgu sem getur komið fram nokkrum tímum síðar eða allt að einum sólarhring eftir óhappið. Fáir millilítrar af leysinum nægja til að valda lungnabólgu.

Efnið inniheldur epoxý og amín efni. Þau innihelda efni sem geta borist inn í líkamann í gegnum húðina og valdið exemi og ertingu. Epoxý og amín efni geta valdið húðsjúkdómum s.s. ofnæmisútbrotum.

12. Hættur gagnvart umhverfinu

Efnið má ekki berast í niðurföll, jarðvatn eða jarðveg.
Efnið hefur ekki verið prófað á lífverum.

13. Förgun

Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálft.

14. Flutningur

	UN-nr.	Flokkur	Efnisnr. /Síða	Pökkunar flokkur	EmS	MFAG	Mengar sjó?
Sjóflutningar: IMO/IMDG	1263	3,3	3372	III	3-05	310	Nei
Flugfrakt: ICAO/IATA	-	-	-	-			
Vegaflutn.: ADR-reglur	1263	3	31c				

Málning. Inniheldur xylene.

15. Lög, reglugerðir og merkingar

Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 og upplýsingar frá framleiðanda.

Varnaðarmerki: Xn

Varnaðarorð: Hættulegt heilsu.

Inniheldur: meðalmólpunga epoxýkvoðu, bisfenól A og xylen.

Hættusetningar:

H10 Eldfimt

H20 Hættulegt við innöndun.

H43 Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð.

Varúðarsetningar:

V2 Geymist þar sem börn ná ekki til.

V9 Geymist á vel loftræstum stað.

V16 Haldið frá hitagjöfum - Reykingar bannaðar.

V18 Meðhöndlið og opnið umbúðir með varúð.

V23 Varist innöndun gufu/úða.

V24/25 Varist snertingu við húð og augu.

V37 Notið viðeigandi hlífðarhanska.

V51 Má aðeins nota á vel loftræstum stað.



Þessar leiðbeiningar eru byggðar á eftirfarandi reglum:

498/1996 Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

401/1989 Mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.

236/1990 Reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vöru- tegunda sem innihalda slík efni (með br. 664+766/1997 og 460+639/1998).

48/1994 Mengunarvarnareglugerð (með breytingum 378 og 536/1994).

ECE/TRANS/115 European Agreement concerning the international carriage of dangerous goods by road (ADR) and protocol of signature (með viðbótum til og með 1997).

16. Aðrar upplýsingar

Þessar upplýsingar eru gefnar samkvæmt tiltækum upplýsingum frá hráefnaframleiðanda. Þær eru settar fram skv. fyrirmælum Vinnueftirlits Ríkisins og í samræmi við íslenskar reglugerðir. Í sumum tilvikum ná íslenskar reglugerðir ekki yfir efnispætti og var þá fylgt upplýsingum frá framleiðanda.

Þessar leiðbeiningar voru þýddar og staðfærðar af Sigurði Ásbjörnssyni fyrir framleiðanda.

Liðir sem hafa breyst frá fyrri útgáfu eru með krossmarki efst í hægra horni.

" - " Þýðir að upplýsingar eru ekki tiltækar eða að viðkomandi liður eigi ekki við.

Öryggisleiðbeiningar (viðbótarupplýsingar)

1. Verslunarheiti efnis - innflytjandi/framleiðandi

HEMPADUR EPOXY SÍNK
eftir blöndun við herði nr. 95360

Vörunúmer:

15360 42200

Slippfélagið Málningarverksmiðja

Dugguvogi 4

104 Reykjavík

Sími: 5 888 000

Bréfsími: 568 92 55

Eitrunarupplýsingamiðstöð Sjúkrahúss Reykjavíkur veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 525 11 11

7. Meðhöndlun og geymsla

Þegar efnunum hefur verið blandað saman og þau eru hrærð, minnkar hlutfall hvarfgjarnra efna þar til málningin er algjörlega hörðnuð. Forðist því alla snertingu við efnið meðan á því stendur. Dreggjá í umbúðum geta harðnað án þess að allur leysirinn hafi náð að gufa upp. Því ber að líta á slíkt efni sem eldfimt þó harðnað sé. Við hörðnun getur þrýstingur vaxið í loftþéttum umbúðum. Því skal gæta að því að loka umbúðum ekki algjörlega fyrr en efnið er full harðnað. En meðan á hörðnun stendur skal geyma dreggjá á vel loftræstum stað fjarri matvælum, öðrum neysluvörum eða fóðri.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Útlit:	vökvi
Eðlisþyngd:	2,4 g/cm ³
Leysni í vatni:	blandast ekki
Blossamark:	25 °C
Sprengimörk:	0,5-11,3 % (rúmmál)
Þurrktími:	full hörðnun næst á 7 dögum m.v. 20 °C.

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Eftir blöndun hvarfast herðir og málning saman. Um leið minnkar hlutfall hvarfgjarnra efna þar til efnið er full harðnað. Við blöndunina vex hiti í efninu, yfirleitt losnar hann í burtu en mikið af ónotuðu efni í dósum kann að valda hættu þar sem hitinn losnar ekki úr efninu.

13. Förgun

Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálft. Dreggjar af fullhörðnuðu efni skal meðhöndla sem spilliefni.

16. Aðrar upplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á leiðbeiningum um hvort efni um sig, málningu og herði. Þessar leiðbeiningar voru þýddar og staðfærðar af Sigurði Ásbjörnssyni fyrir framleiðanda. Liðir sem hafa breyst frá fyrri útgáfu eru með krossmarki efst í hægri horni.

" - " Þýðir að upplýsingar eru ekki tiltækar eða að viðkomandi liður eigi ekki við.